



Reykjavík, 6 mars 2019
2019010026
0.3.2

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Mótun íþróttastefnu

Á fundi borgarstjórnar 15. janúar 2019 var samþykkt að sett verði af stað vinna í samvinnu ÍTR og ÍBR varðandi framtíðarstefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík.

Í samþykktinni fellst m.a. að skipa skuli stýrihóp til að hafa yfirumsjón með vinnunni. Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 1. febrúar 2019 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

MÍT samþykkir að stofna stýrihóp vegna mótuðar íþróttastefnu til ársins 2030, í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 15. janúar 2019. Í stýrihópnum skuli starfa þrír fulltrúar tilnefndir af MÍT. Með hópnum skulu starfa 2 starfsmenn af íþróttá- og tómstundarsviði og tveir fulltrúar tilnefndir af Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Huga skal að jöfnum kynjahlutföllum við skipan hópsins. Jafnframt er óskað eftir tilnefningum frá ÍBR til að starfa með stýrihópnum. Sviðsstjóra er falið að ganga frá erindisbréfi fyrir stýrihópinn.

Hjálagt eru drög að erindisbréfi stýrihóps um framtíðarstefnumótun í íþróttum lögð fram til kynningar.

Erindisbréfið hefur verið kynnt í borgarráði.


Ómar Einarsson.